



Reykjavík, 8 febrúar 2021

Berist til:

Umhverfis og samgöngunefndar Alþingis
nefndarsvið@althingi.is

Vegna: **368. mál til umsagnar: Frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.**

Híð íslenska náttúrufræðifélag (HÍN) fagnar framkomnu frumvarpi og telur langflest sem þar stendur vera mjög jákvætt.

Markmiðin í 1. grein eru flest skýr og að mestu í samræmi við skýrslu starfshóps um endurskoðun villidýralaganna¹, sem kom út árið 2013. Skýrslan hefur verið nefnd villidýraskýrslan og frumvarpið byggir að miklu leyti á tillögum sem þar eru settar fram.

HÍN gerir aftur á móti alvarlega athugasemd við eftirfarandi í 2. grein um gildissvið, þar sem kemur fram að þessi lög eigi ekki við seli og hvali:

“Ákvæði laga þessara taka til villtra fugla og villtra spendýra á íslensku yfirráðasvæði, hvort sem er á landi eða sjó, að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands. Löggin taka hvorki til hvala né sela”

Þessi framsetning er óásættanleg og sýnir hversu órökrétt það er að taka hvalina og selina út úr gildissviði laganna. HÍN leggst eindregið gegn því enda ekki nein haldbær rök eða réttlætning fyrir þessu ákvæði. Þess ber að geta að báðar selategundirnar sem kæpa við Ísland, landselur og útselur, eru á valista Náttúrufræðistofnunar um spendýr, auk nokkurra tegunda hvala. Rökstuðningur í greinargerð bendir til þess að þarna sé einhver hagsmunagæsla í gangi sem er ekki ásættanlegt.

Frumvarpið verður að ná til sela og hvala.

Þá telur HÍN að betur megi fylgja tillögum þeim sem settar eru fram í villidýraskýrslunni. Þar á meðal tillögur um orðskýringar, aðgreiningu á upprunategundum og framandi ágengum tegundum, skilgreiningar á sjálfbærni og tjóni, svo og samræmingu á orðalagi og skilgreiningum í gegnum texta laganna. Þá er æskilegt að frumvarpið geri með skýrari hætti mun á aðgerðum til varnar tjóni eftir uppruna tegunda, þ.e. hvort þær teljast upprunalegar eða framandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags

Ester Rut Unnsteinsdóttir
Bryndís Marteinsdóttir
Helena W. Óladóttir
Snæbjörn Guðmundsson

Anna Heiða Ólafsdóttir
Gróa Valgerður Ingimundardóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir

¹ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf